

Alþingi
Erindi nr. P 139/1259
komudagur 10.2.2011



Nefndarsvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. febrúar 2011

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (sjúkdómatryggingar). Lagt fyrir á Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010-2011. Þskj. 353 – 300. mál.

ÖBÍ hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (sjúkdómatryggingar) 300. mál.

ÖBÍ fagnar þessu frumvarpi um að koma eigi í veg fyrir að útgreiðslur váttryggingabóta vegna sjúkdómatrygginga, sem keyptar hafa verið fyrir 1. desember 2010, séu skattlagðar. Sjúkdómatryggingar hafa verið seldar hér á landi frá 1996. Við sölu þessara trygginga hefur frá upphafi verið gengið út frá því að bætur greiddar úr sjúkdómatryggingum séu skattfrjálsar. Fólk hefur því keypt sjúkdómatryggingar í góðri trú um að bæturnar séu skattfrjálsar. Með frumvarpinu er tryggt að þeir sem keypt hafa sjúkdómatryggingu á tímabilinu og/eða móttekið bætur verði ekki skattlagðir.

ÖBÍ gerir alvarlega athugasemd við að í frumvarpinu felist að bætur greiddar úr sjúkdómatryggingum, sem keyptar eru frá 1. desember 2010 verði skattskyldar. Sjúkdómatrygging er trygging til að bæta miska sökum alvarlegra sjúkdóma eða varanlegrar örorku af völdum slyss. Bætur úr sjúkdómatryggingum eru eingreiðslubætur, en skv. 2. tl. 28. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003 er eignarauki „sem verður vegna greiðslu líftryggingafjár, dánarbóta, miskabóta og bóta fyrir varanlega örorku, enda séu bætur þessar ákveðnar í einu lagi til greiðslu“, undanþeginn tekjuskatti.

Hægt væri að lagfæra þennan annmarka í lögnum með því að skjóta inn orðinu „sjúkdómatryggingafjár“ inn í 2. tölulið 28. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003, eins og fulltrúar SSF hafa lagt til.



Mikilvægt er að hafa í huga að kaupendur sjúkdómatrygginga greiða iðgjald af tryggingunni af tekjum sínum, sem búið er að greiða tekjuskatt af.

Að lokum er bent á að sjúkdómatryggingar eru ekki skattskyldar í nágrennalöndum okkar.

Með því að skattleggja greiðslur úr sjúkdómatryggingum er verið að auka álögur á einstaklinga og fjölskyldur sem hafa orðið fyrir áföllum og tekjuskerðingu sökum alvarlegra sjúkdóma eða fötlunar.

Virðingarfyllst,

f.h. ÖBÍ,

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Guðmundur Magnússon', written over a horizontal line.

Guðmundur Magnússon
formaður